Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

MENNTASTEFNA
REYKJAVÍKURBORGAR
TIL 2030

Leikskólinn Suðurborg

2026– 2027

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1. Greinargerð leikskólastjóra 3
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026 4
3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027 6
4. Starfsþróunarsamtöl 7
5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans 7
6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva 8
7. Foreldrasamstarf 9
8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal 10
9. Þróunarverkefni 10
10. Fylgiskjöl: 11
10.1 **Innra mat xxx deildar/deilda 2025-2026** 15
10.2 **Umbótaáætlun deilda/deildar 2026-2027** ..... **Error! Bookmark not defined.**
10.3 Umsögn foreldraráðs 19

1. Greinargerð leikskólastjóra

Starfið í leikskólanum hefur gengið vel á skólaárinu og höfum við lagt áherslu á að halda rólegu, öruggu og jákvæðu andrúmslofti í húsinu fyrir börn, foreldra og starfsfólk. Við endurheimtum starfsmenn úr veikindaleyfum og færðist starfsemin í samt horf að mestu leyti.

Í starfi leikskólans höfum við áfram lagt áherslu á félagsfærni, sköpun, málörvun og læsi með fjölbreyttum leiðum. Í vetur fengum við til liðs við okkur talmeinafræðing frá Suðurmiðstöð sem aðstoðaði okkur við að innleiða verkefnavinnu með námsefnið *Orð eru ævintýri*. Í verkefninu er lögð áhersla á að auka orðaforða barnanna og eru reglulegar skimanir og skráningar á framförum barnanna.

Á starfsdögum vetrarins höfum við lagt sérstaka áherslu á fræðslu og starfsþróun sem styður við fjölbreyttan barnahóp og fjölmenningarlegt samfélag leikskólans. Starfsfólk sótti meðal annars fræðslu frá Indíönu Rós frá Jafnréttisskólanum þar sem áhersla var lögð á jafnrétti, fjölbreytileika og jákvæða menningu í skólastarfi. Einnig fengum við fræðslu og námskeið um einhverfu frá sérkennsluráðgjöfum Suðurmiðstöðvar sem nýttist starfsfólki vel í að efla skilning og færni í stuðningi við fjölbreyttan barnahóp.

Við fengum jafnframt fræðslu frá Miðju máls og læsis um fjöltyngi og fjölmenningu þar sem fjallað var um mikilvægi þess að styðja við tungumál og menningarlegan bakgrunn barna og fjölskyldna þeirra. Þá sótti starfsfólk fræðslu hjá Sigrúnu Öldu talmeinafræðing um málþroska og verkefnið *Orð eru ævintýri*, sem hefur veitt okkur fjölbreyttar leiðir til að efla orðaforða, málskilning og tjáningu barna í daglegu starfi.

Á skólaárinu tókum við einnig þátt í verkefni í samstarfi við Háskólann á Akureyri sem sneri að bókalestri og mikilvægi hans fyrir málþroska og læsi barna. Verkefnið hefur stutt vel við áherslur leikskólans um aukna málörvun og jákvæða upplifun barna af bókum og lestri.

Til þess að efla skapandi starf innan leikskólans réðum við á vormánuðum listgreinakennara sem hefur unnið með börnum og starfsfólki að fjölbreyttum og skapandi verkefnum. Hefur það styrkt áherslur okkar á sköpun, tjáningu og fjölbreyttum leiðum barna til náms og þátttöku.

Að sjálfsögðu höldum við áfram að þróa starf okkar út frá félagsfærni, máli og læsi og sköpun, enda er það í takt við menntastefnu Reykjavíkurborgar þar sem sérstök áhersla er lögð á skapandi starf, þátttöku og vellíðan barna.

2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Innra mat (töfluna má fjölfalda fyrir hvern matsþátt)

Hvað var metið? Upplýsingaflæði og jákvæð endurgjöf	
Hvernig fór matið fram?	Reglulegt innra mat fór fram á matsfundum.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allir starfsmenn.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Starfsfólk telur að upplýsingagjöf hafi aukist en það sé ekki alltaf að skila sér til allra það sem kemur fram á deildastjórafundum og morgunfundum. Þar sé tækifæri til umbóta.

Hvað var metið? Hringekja	
Hvernig fór matið fram?	Reglulegt innra mat fór fram á matsfundum.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allir starfsmenn eldri deilda.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Hringekjan hefur gengið vel og eru allir sammála um að festa eigi hana í sessi. Á vorönn hefur hún mikið fallið niður vegna ýmissa annara verkefna og framkvæmda í salnum. Stefnt er að því að byrja aftur á haustönn.

Hvað var metið? Flæði	
Hvernig fór matið fram?	Reglulegt innra mat fór fram á matsfundum.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Deildarstjórar.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Mikil almenn ánægja er með flæðið sem við erum með á 4 til 6 vikna fresti. Það kom fram að skipuleggja mætti betur hvar hver starfsmaður ætti að vera og hve margir væru að fylgja börnunum á milli svæða.

Hvað var metið? Sköpun	
Hvernig fór matið fram?	Reglulegt innra mat fór fram á matsfundum og deildarfundum.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allir starfsmenn.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Flestir tala um mikla ánægju með að það skuli vera byrjaður listgreinakennari sem vinnur að fjölbreyttum og skapandi verkefnum í samvinnu við starfsfólk á deildum. Bæta mætti efnivið til þess að nota við skapandi vinnu.

Ytra mat

Hvað var metið? Stofnun ársins	
Hvernig fór matið fram?	Starfsmannakönnun
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allir starfsmenn fengu könnunina senda en svarhlutfall var 29%.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Við fórum niður í flestum þáttum um nokkur stig en könnunin er varla marktæk þar sem svarhlutfallið var mjög lágt og aðeins 11 starfsmenn tóku þátt. Heildar matið voru 3.82 stig sem samkvæmt viðmiðum er frekar góð einkunn. Ekki var hægt eins og síðasta ár að fylgja því eftir að starfsmenn svöruðu könnuninni en það er augljóslega mikilvægt þar sem að svarhlutfallið síðasta ár var mun hærra.

3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Þeir þættir sem eru metnir yfir **allan leikskólann í heild sinni.** Þessir þættir geta verið aðrir eða þeir sömu og eru metnir á deildum. Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer miðað við aldur og færni barna.

Umbætur skulu taka mið af menntastefnu Reykjavíkur, skólanámskrá og þróunarverkefni ef leikskólinn er í slíku.

innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Innra mat
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Gera þarf áætlun fyrir innra mat 2026-2027 og gera enn betur í að vinna úr gögnunum jafn og þétt yfir skólaárið.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Stjórnendur tímasetji betur hvenær innra mat fer fram og undirbúi að hausti matsáætlun
Ábyrgð	Leikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst september 2026 – líkur í maí 2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið reglulega og að vori með matsfundum
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að innra matið sé skýrara og með því að hafa reglulega matsfundi þá teljum við starfsfólk sé meðvitaðra um þá þætti sem þarf að bæta í starfinu.

4. Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl fara fram í september ár hvert og mun leikskólastjóri taka þau samtöl við það starfsfólk sem hefur starfað í leikskólanum í eitt ár eða lengur. Aðstoðarleikskólastjóri sér um regluleg leiðbeinandi samtöl við nýtt starfsfólk í samstarfi við deildarstjóra viðkomandi deilda, með það að markmiði að styðja starfsfólk í starfi.

Deildarstjórar bera einnig ábyrgð á að eiga regluleg samtöl við sitt starfsfólk, að jafnaði einu til tvisvar á ári, þar sem rætt er um líðan í starfi, samstarf og hlutverk innan deildarinnar.

Í þessum samtölum hefur komið fram að starfsfólk hefur áhuga á að efla sig og þróa í starfi og höfum við hvatt það til að sækja sér fjölbreytta fræðslu, meðal annars í gegnum Torgið. Auk þess fer mikil starfsþróun fram á skipulagsdögum leikskólans og í gegnum þau þróunarverkefni og samstarf sem er í gangi, svo sem samstarfið við Miðju máls og læsi. Fulltrúar þaðan hafa meðal annars komið inn á deildarfundi og veitt starfsfólki markvissa fræðslu og stuðning tengdan málörvun, læsi og starfi með fjölbreyttum barnahópi.

5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Gróf áætlun um fræðslu og starfsþróun fyrir starfsmannahópinn veturinn 2026 – 2027 byggt á umbótaþáttum leikskólans fyrir árið (áherslum skólanámskrár, umbótaáætlana, menntastefnunnar og áherslur úr starfþróunarsamtölum). Hvernig eru starfsdagar skipulagðir út frá þessum forsendum, námferðir, ráðstefnur o.fl.

Fyrirhuguð er námsferð til Skotlands í vor. Þar hyggjumst við kynna okkur Heillaspor (e. Nurture) sem er heildræn nálgun sem styður við velferð, öryggi og virka þátttöku barna í inngildandi skóla- og frístundastarfi. Með tengslamiðuðum leiðum er skapað öruggt umhverfi þar sem börn fá tækifæri til að þroskast og ná árangri í námi. Gert er ráð fyrir að 2-3 skipulagsdagar fari í þá ferð.

Fræðsla fyrir deildarstjóra um foreldraviðtöl þar sem farið er í viðtalstækni og undirbúning fyrir viðtöl.

Fræðsla á vegum Miðju máls og læsis um málþroska

Fræðsla um sköpun og skapandi starf

27. apríl er samræmdur starfsdagur í borginni þar sem viðfangsefnið er Menntastefna Reykjavíkurborgar.

6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Tímasett áætlun um samstarf við grunnskóla og frístund kemur hér fram þar sem settar eru niður áherslur og skipulag næsta starfsárs.

Á hverju hausti/vori funda leik- og grunnskólakennarar og hefja þannig samstarfið það skólaárið. Á fundinum eru ræddar helstu áherslur í starfi beggja skólastiga og skipulag heimsókna í hvorn skólann fyrir sig.

Ákveðið skilaskjal fylgir börnunum í grunnskólann að loknum leikskóla og eru skjölin afhent á skilafundi í lok maí hvert skólaár. Þau börn sem ekki fara í hverfisskólann fá skjölin með sér í viðkomandi skóla.

Elstu börn leikskólans fara í fjórar heimsóknir í grunnskólann, tvær fyrir áramót og tvær eftir áramót og börnin í fyrsta bekk koma tvisvar í heimsókn í leikskólann á vorönninni. Leikskólabörnin fara í fyrstu heimsóknina að hausti og er það kynning á húsakynnum skólans og á útileiksvæði í og við skólann. Í annarri heimsókninni fá þau að taka þátt í kennslustund og fara svo börnin með 1.bekkingum út í frímínútur. Í þriðju heimsókninni er kennslustund og nestistími. Fjórða heimsóknin er heimsókn með foreldrum en þá fara börnin í kennslustund og foreldrar fá kynningu á skólastarfseminni. Einnig er börnunum boðið í heimsókn á skemmtun í sal þrisvar sinnum yfir skólaárið.

Þá fara börnin einnig í heimsókn í Álfheima, frístundaheimili grunnskólans. Þegar grunnskólabörnin koma í heimsókn í leikskólann taka þau þátt í starfi innandyra fyrra skiptið en utandyra í tvö skipti. Hér er tímasett áætlun;

1. **<u>Hólabrekkuskóli mun heimsækja leikskólana</u>**
   - 2.október 2026 – útiheimsókn kl. 10:10
   - 12.febrúar 2027- inniheimsókn kl. 9-11
   - 7.júní 2027 – útiheimsókn kl. 9-11
2. **<u>Leikskólabörn í skoðunarferð um Hólabrekkuskóla</u>**
   - fer fram í vikunni 2.-6.nóv 2026 kl. 10
3. **<u>Heimsókn í kennslustund</u>** – leikskólabörn heimsækja Hólabrekkuskóla
   - fer fram í vikunni 12.-16.apríl 2027
4. **<u>Ljóðaverkefni</u>** – 4.bekkur
   - 15.-19.febrúar 2027 kemur 4.bekkur með ljóð í leikskólana
   - 8.-12.mars 2027 skila leikskólarnir ljóðunum til baka myndskreyttum
5. **<u>Dagur íslenskrar tungu</u>** – vikuna 16.-20.nóvember 2026 koma krakkar úr 7.bekk í heimsókn í leikskólana og lesa fyrir leikskólabörnin.
6. **<u>Heimsókn í sal</u>**
   - 20.október 2026 kl. 8:40
   - 26.janúar 2027 kl. 8:40
   - 21.apríl 2027 kl. 8:40

7. **Heimsókn í Álfheima**
   - 28.maí 2027 – Suðurborg kl 9:30

Hver leikskóli heimsækir svo skólalóðina þegar þeim hentar.

Einnig er vert að nefna að einu sinni í viku býður Leiknir elstu börnunum upp á íþróttatíma sem fer fram í íþróttahúsinu við Austurberg og eru tímarnir góður undirbúningur fyrir komandi íþróttatíma í grunnskólanum.

7. Foreldrasamstarf

Sérstakar áherslur í foreldrasamstarfi á komandi ári.

Í Suðurborg starfar foreldraráð sem skipað er þremur fulltrúum foreldra. Hlutverk foreldraráðs er að veita leikskólanum umsagnir um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem snúa að starfsemi leikskólans. Ráðið fylgist jafnframt með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana og hvernig þær eru kynntar foreldrum. Samkvæmt lögum um leikskóla hefur foreldraráð umsagnarrétt um meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu. Kosið er í ráðið á aðalfundi foreldrafélagsins sem haldinn er í september eða október ár hvert. Leikskólastjóri fundar reglulega með foreldraráðinu fjórum sinnum yfir skólaárið, tvisvar fyrir áramót og tvisvar eftir áramót.

Við leikskólann er einnig starfandi foreldrafélag þar sem fulltrúar frá öllum deildum eiga sæti ásamt tveimur tengiliðum frá leikskólanum. Stjórn foreldrafélagsins fundar að jafnaði mánaðarlega og tekur þátt í skipulagningu og framkvæmd fjölbreyttra viðburða og uppákoma fyrir börn og fjölskyldur leikskólans.

Yfir veturinn er boðið í síðdegiskaffi á bóndadaginn og í kringum konudaginn auk hins árlega foreldrakaffis á aðventu sem haldið er í byrjun desember. Foreldrum gefst einnig tækifæri til að taka þátt í ýmsum viðburðum á vegum leikskólans, svo sem opnu húsi, sumarhátíð og öðrum samverustundum.

Foreldraviðtöl fara fram í nóvember og mars þar sem foreldrar velja sér viðtalstíma á fyrir fram ákveðnum dögum. Í haustviðtölum er meðal annars rætt um líðan og aðlögun barnanna, bæði þeirra sem eru að hefja leikskólagöngu og þeirra sem hafa færst á milli deilda. Þar gefst foreldrum einnig kostur á að ræða sín sjónarmið varðandi leikskólastarfið og áherslur í uppeldi barnsins.

Í vorviðtölum er farið yfir niðurstöður skimanna og annað sem tengist þroska og líðan barnanna. Foreldraviðtöl elstu barna fara fram í maí þar sem farið er yfir þau skilaskjöl sem fylgja börnunum yfir í grunnskóla.

Leikskólinn leggur áherslu á gott samstarf og virka upplýsingagjöf til allra foreldra. Boðið er upp á túlkaþjónustu fyrir foreldra af erlendum uppruna, bæði í reglubundnum foreldraviðtölum og í upphafsviðtali þegar barn byrjar í leikskólanum. Einnig er mögulegt að fá túlk með í aðlögun barns ef þörf krefur.

Mikilvægar upplýsingar eru sendar út á íslensku og ensku bæði í tölvupóstum og á upplýsingatöflum í fataklefum deildanna. Þá hefur leikskólinn einnig notið stuðnings starfsfólks af erlendum uppruna við túlkun og þýðingar á hagnýtum upplýsingum í daglegu starfi, í góðu samstarfi við foreldra leikskólans.

8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Hér eiga að koma upplýsingar um skipulagsdaga. Hægt er að setja þá beint inn í leikskóladagatal eða viðburðadagatal og láta það fylgja með og hafa í huga að það komi skýrt fram hvaða skipulagsdagar eru á sama tíma og í grunnskólanum. Sjá fylgiskjöl.

9. Þróunarverkefni

Heiti á þróunarverkefni og helstu áherslur verkefnisins	**Samstarfsaðilar**	**Hver styrkir?**

10. Fylgiskjöl:

Innra mat xxx deildar/deilda 2026-2027

Hver deild tekur saman styrkleika og tækifæri byggt á umbótaáætlun síðasta árs.

Álfakot, Dvergakot og Krílakot aldur: 1-3 ára

Styrkleikar

Salur/hópastundir: Það gekk vel að bjóða upp á fjölbreytta og skemmtilega afþreyingu í salnum þar sem notast var ýmist við boltaleiki, þrautabrautir, dans og tónlist og fleira. Hugmynd frá síðasta ári var að búa til hugmyndabanka sem gekk ekki en kennarar eru hvattir til að deila hugmyndum sín á milli og framkvæma þær hugmyndir sem þeir hafa um fjölbreyttan leik í hópastundum. Stefnt er að búa til hugmyndabanka í ár.

Mál og læsi: Eftir fyrirlestur frá Miðju máls og læsi um flæðislestur var það tekið upp í hópastundum sem gekk mjög vel. Einnig fengum við fyrirlestur um hvernig nota má bókina *Orð eru ævintýri* til að efla málþroska yngri barna og orðaforða þeirra. Því verður það einnig tekið upp í hópastundum.

Heimsóknir á milli deilda:

Heimsóknir á milli deilda hafa gengið mjög vel þetta skólaár, bæði starfsfólk og börn eru ánægð með fyrirkomulagið en heimsóknirnar voru einu sinni í mánuði. Við munum halda áfram þessum heimsóknum þar sem að börnin eru að njóta sín mjög mikið.

Tækifæri

Bókalestur og Spil: Efla bókalestur á deildum og spila meira.

Mál og læsi: Vinna markvist með *Orð eru ævintýri* í hópastundum.

Heimsóknir á milli deilda: Markvissari og skipulagðari heimsóknir á milli deilda.

Umbótaáætlun deilda/deildar 2026-2027

Takið afrit af töflunni fyrir hvern umbótaþátt. Hér er fjallað um öll börn leikskólans og þeirra nám og áherslur t. d. menntastefna, skólanámskrá leikskóla. **Matið skal taka mið af fjölbreyttum hópi barna, börnum með stuðning og áherslum leikskólans.**

Lagt er til að umbótaáætlun sé gerð fyrir yngri og eldir börn í samvinnu deilda

Deild – Yngri 1-3 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Mál og læsi : *Orð eru ævintýri.*
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Í samráði við talmeinafræðing var ákveðið að taka upp *Orð eru ævintýri*. Við teljum námsefnið gott til að efla orðaforða barnanna.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Við ætlum að nota námsefnið í hópastundum, hver hópstjóri sér um hvern hóp og unnið verður út frá hæfni barnanna miðað við aldur. Stóru spjöldin úr námsefninu verða hengd upp á vegg, til þess að það sé hægt að ræða um þau við börnin í daglegu starfi. Unnið verður með ákveðin þemu, sirka 6-8 vikur hvert þema, orð valin út frá aldri barna.
Ábyrgð	Allir starfsmenn og deildarstjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Stefnan er að byrja í nóvember og vinna allt árið í kring, engin áætluð lok.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á deildarfundum sem verða á 3-4 vikna fresti . Einnig ætla deildarstjórar að hittast á mánaðarlegum fundum og meta árangurinn.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem	Litlar skráningar í byrjun og í lok hvers þema. Síðan verða stærri skráningar í byrjun annar og í lok annar. Skráning er gerð til að kanna orðaforða og meta framfarir.

stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði.	

Deild- Yngri 1-3 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Heimsóknir á milli deilda.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Stefnt er að halda þessu áfram en með skipulagðari og markvissari hætti.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	DK og KK fara yfir á ÁK. Einu sinni í mánuð.
Ábyrgð	Deildarstjórar og starfsmenn deildanna.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Stefnum að byrja í janúar út maí.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Deildarstjórar meta á matsfundum og aðlaga og breyta eftir þörfum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Svipað og síðasta vetur starfsfólk yngri deildanna eyðir meiri tíma saman og kynnist betur hvort öðru og börnunum á öðrum deildum en þeirra eigin. Efla félagsfærni barnanna.

Deild – Yngri 1-3 ára.	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Bókalestur og spil.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Stefnum á því að auka orðaforða barnanna og úthald við hlustun.

Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Stefnum á því að allar deildir taki upp flæðilestur einu sinni í viku og vera duglegri að spila í hópastundum.
Ábyrgð	Deildarstjórar og starfsmenn deildanna.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Lok október og allt skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Mat fer fram deildarfundum og á matsfundum deildarstjóra.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Árangurinn sem metinn var frá síðasta skólaári var út frá orðaforða barnanna og tjáningarfærni þeirra, sem var verulega einstaklingsbundinn. Haldið verður áfram að meta á þennan hátt en áfram stefnt að því að lestrarstundir séu reglulegar og að allt starfsfólk sé virkt í að kenna í gegnum spil og flæðilestur.

Innra mat xxx deildar/deilda 2026-2027

Hver deild tekur saman styrkleika og tækifæri byggt á umbótaáætlun síðasta árs.

Brekkukot, Hólakot og Lækjarkot aldur: 3-6 ára

Styrkleikar

Mál og læsi:

Efla lestur bóka/gæðasögustundir: vel gekk að hafa sögustundir. Þær voru nýttar á ólíkan hátt, meðal annars var unnið með hljóðkerfisvitund, orðaforða og spurt spurninga út frá sögunni. Tækifæri fólust í því að bæta við lestrarstundum með færri börnum einu, lesa sömu bókina oft og fara vel yfir viss orð í textanum.
Foreldrar voru hvattir til þess að auka sögulestur heima og ferðabangsi deildarinnar fór heim með bækur sem börnin gátu lesið með foreldrum.

Flæði:

Flæði fór vel af stað en dalaði með vorönninni. Starfsfólk var allt mjög virkt og gaman að sjá börn á öllum aldri leika saman á öllum deildum. Starfsfólk er allt sammála um að halda flæði áfram á komandi starfsári.

Sköpun:

Það hefur ekki verið fjölgað skipulögðum stundum í sköpun en hún hefur haldist inni í hringekju. Reynt var að koma sköpun fyrir í vali, sérstaklega yfir háveturinn þegar innivera var meiri.

Hringekja:

Hringekjan gekk vel framan af vetri en datt svo út á vorönn. Við teljum að hringekjan gefi þeim góðan undirbúning fyrir komandi skólastig.

Tækifæri

Bókalestur og Spil: Efla bókalestur á deildum og spil.

Mál og læsi: Vinna markvist með *Orð eru ævintýri* í hópastundum.

Festa ákveðna daga í Hringekju

Takið afrit af töflunni fyrir hvern umbótaþátt. Hér er fjallað um öll börn leikskólans og þeirra nám og áherslur t. d. menntastefna, skólanámskrá leikskóla. **Matið skal taka mið af fjölbreyttum hópi barna, börnum með stuðning og áherslum leikskólans.**
Lagt er til að umbótaáætlun sé gerð fyrir yngri og eldir börn í samvinnu deilda

Deild/aldur barna 3-6 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Mál og læsi.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	- Efla lestur bóka/gæðastundir. - Markvissari sögustundir. - Efla orðaforða og nota beina orðaforðainnlögn. - Vinna markvisst með bókina *Orð eru ævintýri.*
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	- Vinna með *Orð eru ævintýri* í fjölbreyttum. stundum, í gegnum hópastund, leik, samverustund, sköpun o.fl. - Orðatré/ský. - Útbúa kennsluáætlanir út frá þema mánaðarins. - Upplýsa foreldra um hvað við erum að vinna með í hverju þema.
Ábyrgð	Allt starfsfólk og deildarstjórar bera yfir ábyrgð
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 – júní 2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Mat fer fram á deildarfundum og matsfundum deildarstjóra.

(t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Einnig verður árangur barnanna metin með litlum skimunum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Framkvæmdar verða orðaforða skimanir á börnunum. Ein stór könnun er lögð fyrir börnin í byrjun haustannar og svo aftur í lok vorannar. Einnig verða lagðar fyrir litlar skimanir við upphaf og lok hvers þema og er þannig hægt að sjá hvort börnin séu að bæta við sig orðaforða.

Deild/aldur barna 3-6 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Flæði
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	- Börnin fá að kynnast bæði starfsfólki og börnum á öllum deildum, verða virkir þátttakendur í náminu sínu og fá að velja sér viðfangsefni á lýðræðislegan máta. - Efla félagsfærni barnanna. - Efla sjálfstæði og sjálfsmynd .
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	- Hafa mánaðarlegar flæðisstundir.
Ábyrgð	Deildarstjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 – Apríl 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Verður metið á deildarstjórafundum og deildarfundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börn nái að stækka vinatengsl. Yngri börn verði öruggari og eigi því auðveldara með að fara yfir á eldri deildir.

Deild/aldur barna 3-6 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Hringekja
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	- Halda áfram með hringekju í hádeginu með elstu börnunum. - Vinna markvisst með hljóð- og málvitund.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	- Hafa hringekju 3 sinnum í viku.
Ábyrgð	- Sérkennslustjóri málörvunar og deildarstjórar eldri deilda.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 og út skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Verður metið á matsfundum eldri deilda.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Notum ýmsar skimanir til þess að kanna hvort Hringekjan sé að skila árangri til dæmis með Hljóm 2 og *Orð eru ævintýri.*

F. h. leikskólans .....

Anna Rún Gylfadóttir 09.07.2026

_____

Leikskólastjóri Dagsetning

10.1 Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2026 – 2027
Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Kristín Ósk Magnúsdóttir
Díana Ýr Gunnarsdóttir

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Fulltrúar í foreldraráði:

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umbótaáætlun fyrir deildir þar sem hver deild/deildir (yngri og eldri saman) gera grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir **1. júní.** Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Starfsáætlun skal skilað rafrænt á netfangið ; sfs@reykjavik.is

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.


LÁTUM
DRAUMANA
RÆTAST

Umsögn foreldraráðs

Áherslur Suðurborgar á félagsfærni, mál, læsi og sköpun skilar sér vel inn í starf deildanna og við fögnum því. Enn fremur hafa þau lagt ríka áherslu á skapandi starf, þátttöku og vellíðan barnanna sem okkur finnst mjög jákvætt.

Á árinu lagði Suðurborg einnig áherslu á bókalestur og fengu frekari fræðslu um málörvun barna. Þau voru í samstarfi við Suðurmiðstöð með nýtt átak Orð eru ævintýri en það nýtist enn fremur í málörvun sem og til að auka orðaforða, málskilning og tjáningu barna sem okkur finnst hafa skilað sér vel inn á heimili barnanna. Einnig heldur samstarf við Miðju máls og læsis áfram þar sem starfsfólk fær meðal annars markvissa fræðslu og stuðning tengdan málörvun, læsi og starfi með fjölbreyttum barnahópi.

Suðurborg ætlar að kynna sér starf Heillaspora í Skotlandi þar sem áhersla er lögð á velferð, öryggi og virka þátttöku barna með innleiðingu að leiðarljósi þar sem notast er við tengsla miðaðar leiðir sem okkur þykir spennandi fyrir skólastarf Suðurborgar.

Innra matið kom vel út, starfsfólk er ánægt með það starf sem þau halda uppi, þ.e. flæði og hringekju. Samkvæmt innra matinu er starfsfólk er ánægt með listgreinakennarann sem er viðbót við starfið í Suðurborg. Okkur þykir það ánægjulegt en einnig að börnin fái tækifæri til enn frekari sköpunar sem halda á áfram með á komandi ári. Einnig er á umbótaáætluninni að fylgja þessu innra mati eftir með reglulegri matsfundum svo starfið geti haldið áfram að blómstra.

Nýtt starfsfólk fær reglulega fundi með aðstoðarleikskólastjóra sem stuðlar að því að styðja starfsfólk í starfi. Enn fremur fær allt starfsfólk samtal 1-2 yfir árið þar sem farið er yfir líðan þeirra, samstarf og hlutverk sem er mikilvægt og stuðlar að því að starfsfólk efli sig og þrói í starfi. Starfsfólk er einnig hvatt til þróunar í starfi með fræðslu m.a. hjá Torginu sem er mjög jákvætt. Einnig er Suðurborg að nýta sér hugmyndabanka þar sem starfsfólk getur deilt hugmyndum úr hópastundum, getur sagt og sýnt frá því sem hver deild gerir í salnum en það er auður í því að hver deild þurfi ekki að vera að finna upp hjólið í skipulagi deildarinnar.

Markmið Suðurborgar um umbætur og hvernig megi halda áfram að efla þá þætti sem ganga vel eru metnaðarfullir og þykir okkur ánægjulegt að sjá hversu vel er haldið utan um það sem má bæta. Þar kemur skýrt fram hvernig bæta eigi skólastarfið og tekið tillit til fjölbreytts barnahóps.

Samstarf Suðurborgar við grunnskóla hverfisins heldur áfram í góðum farvegi sem við fögnum. Enda er mikilvægt að börnin sem eru að færast á milli skólastiga upplifi öryggi og viti hvað af þeim er ætlast á nýju skólastigi. Enn fremur er Suðurborg í samstarfi við frístundaheimilið en það sama á við um öryggistilfinningu barna á þeim vettvangi.

Starfsáætlunin er skýr og koma markmið skýrt fram. Þar samræmast áherslur síðasta árs og tekið fram hvernig eigi að halda því starfi áfram. Starfsáætlunin er aðgengileg og gefur góða innsýn í starfið fyrir foreldra.

Fyrir hönd foreldraráðs, Díana Ýr Gunnarsdóttir og Kristín Ósk Magnúsdóttir

Leikskóladagatal 2026 - 2027

Nafn leikskóla: Suðurborg

	ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1	L	Þ	F	S	Þ Fullveldisdagurinn	F Nýársdagur	M	M Farsældarvika	F	L Veraklýðsdagurinn	Þ	F
2	S	M	F	M Foreldraviðtöl	M Jólasöngstund í sal 09:15	L	Þ	Þ Farsældarvika	F Einstakur apríl	S	M	F
3	M Frídagur verslunarmanr	F	L	Þ Foreldraviðtöl	Þ Jólasöngstund í sal 09:15	S	M	M Farsældarvika	L	M	F	L
4	Þ	F	S	M Foreldraviðtöl	F Jólapeysudagur	M	F	F Farsældarvika	S	Þ	F	S
5	M	L	M	F Foreldraviðtöl	L	Þ	F Starfsdagur	F Farsældarvika	M	M Starfsdagur	L	M
6	F	S	Þ	F Foreldraviðtöl	S	M Þrettándinn	L Dagur leikskólans	L	Þ	F Uppstigningardagur	S Sjómannadagurinn	Þ
7	F	M	M	L	M Jólasöngstund í sal kl. 09:15	F	S	S	M	F Starfsdagur	M	M
8	L	Þ Dagur læsis	F	S Baráttudagur gegn einelti	Þ Jólasöngstund í sal kl. 09:15	F	M Bolludagur	M Foreldraviðtöl	F	L	Þ	F
9	S	M	F	M Foreldraviðtöl	M Jólasöngstund í sal kl. 09:15	L	Þ Sprengidagur	Þ Foreldraviðtöl	F	S	M	F
10	M	F	L	Þ Foreldraviðtöl	F Jólasöngstund í sal kl. 09:15	S	M Öskudagur - öskudagsball	M Foreldraviðtöl	L	M	F Skólaslit grunnskóla	L
11	Þ	F	S Fæðingardagur forseta Íslands (HT)	M Foreldraviðtöl	F Jólahúfudagur	M	F	F Foreldraviðtöl	S	Þ	F	S
12	M	L	M	F Foreldraviðtöl	L	Þ	F	F Foreldraviðtöl	M	M Sólgleraugna - dagur	L	M
13	F	S	Þ	F Foreldraviðtöl	S	M	L	L	Þ	F	S	Þ
14	F	M	M	L	M Jólasöngstund í sal kl. 09:15	F	S	S Dagur stærðfræðinna	M	F	M	M
15	L	Þ	F	S	Þ Jólasöngstund í sal kl. 09:15	F	M	M Foreldraviðtöl	F	L	Þ Sumarhátíð	F
16	S	M	F	M Dagur íslenskrar tungu bókadagur	M Jólasöngstund í sal kl. 09:15	L	Þ	Þ Foreldraviðtöl	F	S Hvítasunnudagur	M	F
17	M	F	L	Þ	F Jólaball og aðventukaffi	S	M Leikfangadagur	M Foreldraviðtöl Náttfatadagur	L	M Annar í Hvítasunnu	F Lýðveldisdagurinn	L
18	Þ	F Starfsdagur	S	M	F	M	F	F Foreldraviðtöl	S	Þ	F	S
19	M	L	M	F	L	Þ	F Konudagskaffi	F Foreldraviðtöl	M	M	L	M
20	F	S	Þ	F	S	M	L	L	Þ Barnamenningar - hátíð	F Útskriftarferð í - Vatnaskóg	S	Þ
21	F	M	M Bleikur dagur	L	M	F	S Konudagur - upphaf Góu	S Pálmasunnudagur	M Hattadagur	F	M	M
22	L	Þ	F Skráningardagur	S	Þ	F Bóndadagskaffi	M Vetrarfrí	M Skráningardagar	F Sumardagurinn fyrsti	L	Þ	F
23	S	M	F Skráningardagur	M	M Þorláksmessa	L	Þ Skráningardagar	Þ Skráningardagar	F	S	M	F
24	M Skólasetning grunnskól	F	L Fyrsti vetrardagur	Þ	F Aðfangadagur jóla	S	M	M Skráningardagar	L	M	F	L
25	Þ	F	S	M	F Jóladagur	M	F	F Skírdagur	S	Þ	F	S
26	M	L Evrópski tungumálad.	M Skráningardagur	F	L Annar í jólum	Þ	F	F Föstudagurinn langi	M	M	L	M
27	F	S	Þ	F Starfsdagur	S	M Vasaljósadagur	L	L	Þ Menntastefnumót- Starfsdagur	F Útskrift	S	Þ
28	F	M	M Bangsadagur	L	M Skráningardagur	F	S	S Páskadagur	M	F	M	M
29	L	Þ	F	S	Þ Skráningardagur	F		M Annar í Páskum	F	L	Þ	F
30	S	M	F Hrekkjavökuball	M Piparkökubakstur - sjá nánar auglýst síðar	M Skráningardagur	L		Þ	F	S	M	F
31	M		L		F Gamlársdagur	S		M		M		L

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Einn dagur í febrúar er lokaður vegna vetrarfrís og skráningardagar eru tíu. Foreldrar sem þurfa vistun á skráningardögum sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.